

Reglur um viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni á Norðurlandi vestra

1. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) veita árlega viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni sem fram hafa farið á Norðurlandi vestra árið áður.
Viðurkenningar eru veittar í tveimur flokkum:
 - a) verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar
 - b) verkefni á sviði menningar
2. Viðurkenningar geta hvort sem er hlotnast einstaklingi, hópi, félagi, fyrirtæki eða stofnun á Norðurlandi vestra fyrir sitt framlag.
3. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) auglýsa í upphafi hvers árs eftir umsóknum og/eða rökstuddum tilnefningum um viðurkenningar en eru ekki bundin af því. Auglýst skal í helstu fjölmiðlum á svæðinu.
4. Stjórn SSNV tekur ákvörðun um val á verkefnum og skulu viðurkenningar afhentar á úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra ár hvert.
5. Viðurkenningar skulu vera í formi viðurkenningarskjals og fjárstyrks að upphæð 100.000 kr.
6. Reglur þessar taka gildi í upphafi árs 2020.

Samþykkt af stjórn SSNV 14. janúar 2020.